

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Frá Bernharð Stefánssyni.

**Við 1. gr. Greinin orðist svo:**

Aftan við 14. gr. laga nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 7 nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

- a. (15. gr.). Ríkisstjórnin ræður sérfræðing til að hafa eftirlit með allri virkjun jarðhita í landinu. Skal hann meðal annars mæla vatnsmagn og hita virkjanna og peirra hvera og lauga, er hverri virkjun fylgja. Mælingarnar fari fram við mismunandi veðurskilyrði, þannig að úr verði skorið, hvert sé meðalhitamagn á hverju virkjunarsvæði.
- b. (16. gr.). Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra og eru minna en í eins km fjarlægð frá jarðhitavirkjun eða hver eða laug, sem er 15 stiga heit eða þar yfir, má eigi framkvæma án samþykkis eftirlitsmanns (sambr. 15. gr.). Samþykki þetta skal eigi veitt, ef jarðborunin hefur það í för með sér, að álti eftirlitsmanns, að spillt verði hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans verðmeiri en hinnar fyrirhuguðu jarðborunar. Telji eftirlitsmaður hins vegar, að verðmæti jarðhitans í sambandi við hina fyrirhuguðu jarðborun sé meira en nemur því tjóni, er annar aðili kann að verða fyrir vegna hennar, skal hann veita samþykki sitt til jarðborunarinnar.

Tjón það, er annar aðili kann að biða vegna samþykktar eða synjunar leyfis til jarðborunar samkv. grein þessari, skal gagnaðili bæta samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Samþykki eða synjun eftirlitsmanns um leyfi til jarðborunar má áfrýja til ráðherra, svo og leyfissviptingu samkv. 17. gr.

- c. (17. gr.). Nú framkvæmir maður jarðborun, er veldur öðrum mönnum tjóni að dómi eftirlitsmanns, svo sem með því, að jarðhiti minnkar af hennar völdum í fasteign þeirra, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skyld að bæta það tjón samkv. mati dómkvaddra manna. Ef tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, verður mun meira að dómi eftirlitsmanns en hagnaður sá, sem af henni leiðir, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið i samt lag og áður, eftir því sem unnt er, en bæta skal tjón það, er leyfissvipting þessi hefur í för með sér, samkv. því, er segir í 16. gr.
- d. (18. gr.). Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikil, svo og hvað annað, sem eftirlitsmaður fyrirskipar að færa í dagbók.
- e. (19. gr.). Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafist þess, að eftirlitsmanni sé tilkynnt, þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu og skal eftirlitsmaður þá ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita í landi þess, er kröfuna gerði, og tilkynna hinum þegar, ef svo er.
- f. (20. gr.). Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.
- g. (21. gr.). Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra löggreglumála.